

Bæjarskrifst. Garðabæjar	
Mótt.dags.	31.10.2016
Málalýkill	04.10
Mál nr.	1610322

Garðabæ

26. október 2016.

Bt. Bæjarstjórn Garðabæjar.

Efni bréfs: Askoran til bæjarstjórnar Garðabæjar vegna starfsmannahalds í Krakkakoti.

Á aðalfundi foreldrafélags Náttúruleikskólans Krakkakots 19. október s.l. upplýsti leikskólastjóri Hjördís Ólafsdóttir, foreldra um að veikindi og forföll starfsmanna hafi verið með mesta móti þetta haustið og svo mikil í októbermánuði að hún óttaðist að öryggi barnanna gæti verið ógnað við þær aðstæður sem hafa skapast vegna manneklu. Gerði hún foreldrum ljóst að nú væri svo komið að starfsfólk væri orðið uppgefið af álagi vegna undirmönnunar og næsta skref væri að fara að senda börn heim. Fundarmenn á aðalfundinum fólu stjórn foreldrafélagsins og Foreldraráði að skrifa bréf til bæjaryfirvalda þar sem foreldrar hafa miklar áhyggjur af stöðunni.

Þar sem bæjarstjórn hefur boðið íbúum bæjarins að koma með ábendingar vegna fjárhagsáætlunargerðar fyrir árið 2017 skorar Foreldraráð og foreldrafélag við Náttúruleikskólann Krakkakot á bæjarstjórn Garðabæjar að endurskoða reiknilíkan leikskólanna með tilliti til t.d. veikindaafleysinga og afleysinga fyrir starfsfólk sem fer í sumarleyfi utan hefðbundins orðlofstíma.

Með vinsemd og virðingu.

Eva Lind Vestmann
 Matthildur Þórarinn
 Agnes Konráðsdóttir
 Róhel M. Vigfósdóttir
 Hanna D. Þórðardóttir
 Lovísa Kærta Mæmisdóttir
 Dóra Guðlaug Arnadóttir
 Berglós Guðmundsdóttir